



**Tegund eignar :** Íbúð

**Bæjarfélag / Hverfi :** Las Colinas Golf

**Izóna :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 2

**Byggingarár :** 2025

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Já

**Eignin snýr :** til norð-austurs

**Útsýni :** Golfvöllur - Náttúra

**Bílastæði :** Bílastæðakjallari

**Fermetra stærð eignar :** 122 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :** 58 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 51

**Strönd :** 15

**Borg :** 15

**Golf :** 2

✓ Lyfta

✓ Verönd

✓ Loftkæling

Einstaklega fallegar og vandaðar íbúðir í nýrri íbúðarbyggingu við hinn glæsilega golfvöll, Las Colinas Golf.

Íbúðin sem um ræðir er 122m<sup>2</sup> með 3 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum sem hafa hita í gólfum. Rúmgott alrými með fullbúnu eldhúsi með hágæða heimilistækjum, borðstofu og stofu, úr stofunni er svo gengið út á 58m<sup>2</sup> stórar svalir og 39m<sup>2</sup> garð með fallegu útsýni yfir fallega Las Colinas Golf. Í sameigninni er sameiginleg sundlaug og svæði til að slaka á við sundlaugina. Í öllum íbúðum er Smart Home System.

Sér neðanjarðarbílastæði fylgir með íbúðinni og einnig geymslurými. Fyrir íbúðir á jarðhæð er valmöguleiki á að fá heitann pott, úti eldhús og markísu.

Las Colinas hverfið sem staðsett er suður af Alicante státar af einstöku náttúrusvæði og hefur undanfarin ár hlotið viðurkenninguna „Leading Villa Resort of Spain and Europe“ sem veitt eru af World Travel Awards. Í hjarta hverfisins er svo að finna hinn margverðlaunaða Las Colinas Golfvöll sem 5 sinnum hefur verið valinn besti golfvöllur Spánar.

Þar er einnig að finna hinn metnaðarfulla Las Colinas Golf and Country club þar sem hægt er að njóta bæði matar og drykkja á glæsilegum veitingastöðum eða notið þess sem Las Colinas heilsuræktin hefur upp á að bjóða.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla í Sierra de Escalona náttúruverndar svæðinu sem umkringir Las Colinas, en þar er að finna mikið náttúrulíf. Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði, að ógleymdri heilbrigðisþjónustu hins margrómaða

Torre Vieja spítala sem er í 20 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!